

# Aðalstjórnarfundur UMFT

13. október 2008

Mættir: Magnús, Elínborg og Gunnar úr aðalstjórn. Jón Ingi, Róbert og Gígja frá deildum.

Kynnt bréf frá ÍSÍ vegna ferðakostnaðar. Þeir hafa opnar styrktarvef fyrir félög eða deildir. Gígja tekur að sér að senda mynd af bréfinu á allar deildir.

Talað um efnahagsmálin, hvort að við erum farin að sjá einhverjar breytingar á ástundun hjá félaginu. Tölum að hafa gott eftirlit með fjármálanunum. Rétt að deildir sendi aðalstjórn yfirlit yfir stöðuna núna og svo reglulega í framhaldi af því. Sjáum ekki að kreppan hafi mikil áhrif á okkar helstu styrktaraðila, nema e.t.v. Kaupþing og Landsbanka. Gígja var með bréf sem ættað er frá Menntamálaráðherra og ætlar að koma því til okkar.

Miðvikudagsferðir í Varmahlíð. Knattspyrnuíðkendur hafa ekki sýnt áhuga. Gunnar sendir Maríu bréf þar sem óskað er eftir ferðum fyrir frjálsíþróttadeildina, allt að 15 sæti. Rútan þarf að fara 15:40 frá íþróttahúsinu.

Gunnar sendir beiðni um laugardagsopnun í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Frá 15:40 til 18:00 á ábyrgð Gunnars Sigurðssonar og frjálsíþróttadeildar.

Ræddum um forsendur skiptingar á styrkjum sem koma í gegnum aðalstjórn. Talað um að taka saman klukkustundir á ári í æfingaframboð og menntunarstigi þjálfara. Óskum eftir yfirliti frá deildum sem verða svo notaðar til samanburðar við núverandi skiptingu og sem umræðugrundvöllur.

Rætt um mannauðastjóra félagsins, þ.e. Einstakling sem heldur utan um alla þjálfara og íðkendur, sér um þekkingarlegan grunn. Óskum eftir því að deildir geri greinagerð um hvernig þær sjá sér fært að nýta svona einstakling. Í framhaldinu verður farið með þessari óskir í gegnum UMSS og til Sveitarfélagsins. Eðlilegt að þessi einstaklingur verði starfsmaður UMSS en 70 ? 80% af starfinu yrði fyrir UMFT.

Kveðja,  
Gunnar Þór Gestsson  
Formaður og fundarritari